



## Samantekt á uppfærslu skýrslu fyrir kröfuhafa

Maí 2009

Á þeim níu mánuðum sem greiðslustöðvunin varir, frá 13. febrúar til 13. nóvember, mun Bankinn mánaðarlega uppfæra skýrslu fyrir kröfuhafa á heimasíðu sinni, [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com), til að bæði þeir og allur almenningur geti fylgst með framvindu mála og fengið upplýsingar um það sem gerst hefur í liðnum mánuði.

### Uppgjör milli Bankans og Nýja Kaupþings

Samkvæmt ákvörðun FME frá 6. mars 2009 sem var endurskoðuð 15. maí 2009 segir að ákvörðun um endanlegan tímafrest til að ljúka frágangi á skilmálum fjármálagerningsins sem Nýi Kaupþing banki greiðir til Bankans sem endurgjald fyrir þær eignir sem fluttar voru yfir verði tilkynnt eigi síðar en 15. júní 2009. Af því leiðir að frágenginn efnahagsreikningur og ársreikningar fyrir árið 2008 verða tilbúnir í kjölfarið.

Þann 23. apríl 2009 fengu Bankinn og Morgan Stanley aðgang að fyrri hluta Deloitte-skýrslunnar og skýrslu Olivers Wyman. En breyta þarf Deloitte-skýrslunni til samræmis við niðurstöðurnar í lokaskýrslu PWC um skiptingu eigna milli Bankans og Nýja Kaupþings þar sem tilgreind voru lán sem verða flutt aftur til Bankans. Enn sem komið er hafa aðeins borist drög að skýrslu PWC. Samkvæmt ákvörðun FME munu Bankinn og Morgan Stanley, að lokinni undirritun viðkomandi trúnaðarsamninga og skaðleysisfirlýsinga, einnig fá aðgang að seinni hluta Deloitte-skýrslunnar. Deloitte mun síðan kynna skýrsluna og svara spurningum um efni hennar. Verið er að ræða við FME um beinan aðgang kröfuhafa að skýrslunni. Kröfuhöfum verður tilkynnt um hvort og hvernig þeir geta fengið slíkan aðgang þegar samkomulag hefur náðst.

### Greiðslustöðvun og slitastjórn

Heildartímalengd greiðslustöðvunar getur í mesta lagi verið 24 mánuðir. Samkvæmt nýjum lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 getur greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis endað á þrjá vegu ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar: i) töku til slitameðferðar, ii) töku til gjaldþrotaskipta, eða iii) gerð nauðasamninga.

Tilvísun til reglna um bústjórn við gjaldþrotaskipti felur í sér að skilanevnd fer með forræði á eignum Bankans og getur ein ráðstafað hagsmunum Bankans og svarað fyrir skyldur hans. Skilanevnd kemur fram af hálfu Bankans fyrir dómi og gerir samninga í hans nafni líkt og áður. Skilanevnd gætir þess sem fyrr að öllum eignum og réttindum verði ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt eftir því sem við á og að kröfur Bankans verði innheimtar. Skilanevnd grípur einnig til allra aðgerða sem eru nauðsynlegar til að varna tjóni.

Að beiðni skilanevndarinnar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur, þann 25. maí, slitastjórn fyrir Bankann í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Slitastjórnina skipa Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og áður skipaður aðstoðarmaður í greiðslustöðvun, Davíð B. Gíslason héraðsdómslögmaður og Feldís L. Óskarsdóttir héraðsdómslögmaður.

Slitastjórn hefur ekki boðvald yfir skilanevnd né öfugt. Nefndirnar eru staðráðnar í að eiga gott og náið samstarf á þann hátt að hagsmunum Bankans sé best borgið.

Hlutverk slitastjórnar er m.a. að annast innköllun krafna á hendur Bankanum og viðurkenningu eða höfnun krafna. Slitastjórn skal birta innköllun krafna og ákvarðar kröfulýsingarfrest en hann getur í mesta lagi orðið sex mánuðir frá því að innköllun krafna var birt. Slitastjórn ákvarðar hvar krafa stendur í skuldaröð.



Slitastjórn getur einni komið fram riftun á gerningum Bankans eftir sömu reglum og gildir um gjaldþrotaskipti. Í því felst, með nokkurri einföldun, að hafi Bankinn staðið með óeðlilegum hætti að gerningum á tilteknu tímabili fyrir frestdag þann 15. nóvember 2009 þá megi rifta slíkum ráðstöfunum og krefja þann sem hagnaðist á henni um endurgreiðslu eða skaðabætur.

### **Full endurgreiðsla lána**

Nú hafa nokkrar af þeim eignum sem fluttar voru til Kaupþings þegar Álandsbanken Abp yfirtók dótturfélag Bankans í Svíþjóð, fengist greiddar að fullu. Það þýðir að andvirði að upphæð 350 milljónir sænskra króna (33 milljónir evra) úr sænska lánasafninu hefur þegar verið tryggt. Enn fremur hafa tvö lán á Norðurlöndunum, samtals að upphæð 5,5 milljónir evra, verið endurheimt að fullu; annað eftir að nokkrum tilboðum undir nafnverði hafði verið hafnað.

### **Kaupthing Edge í Þýskalandi**

Viðskiptavinum hefur verið sent bréf með upplýsingum um endurgreiðsluferlið. Þar geta þeir uppfært upplýsingar um sig og reikning sinn. Bankinn gerir ráð fyrir að þýska pósthjónustan muni afhenda viðtakendum bréf sín eigi síðar en í vikunni sem hefst þann 25. maí. Nánari upplýsingar og fyrirhugað verða sett inn á vefsíðu Bankans eftir þörfum.

### **Starfsemin**

Umfang starfsemi Bankans hefur aukist jafnt og þétt frá haustdögum enda um að ræða stórt eignasafn, flókin úrlausnarefni og afar krefjandi aðstæður ríkjandi í samfélaginu. Starfsmenn eru nú um 50 talsins auk skilanevndarmanna. Eignastýringarsvið er stærsta svið Bankans en þar starfa 23 manns. Á lögfræðisviði starfa 8 manns, 7 á kröfuhafasviði, 6 á fjármálasviði en auk þess starfa ýmsir aðrir í þágu Bankans.

### **Upplýsingagjöf**

Eins og kröfuhafaskýrslan sem uppfærð er á mánaðarfresti sýnir glögg eru samskipti við erlenda kröfuhafa umfangsmikil og í reglulegum farvegi. Frá 9. október hafa verið haldnir fjórir fundir með óformlegum hópi kröfuhafa auk vikulegra símafunda til að kynna framgang mála og kalla eftir sjónarmiðum þeirra. Sá fimmti er fyrirhugaður fljótlega.

Heimasíðan [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com) er gátt fyrir kröfuhafa, fjölmiðla, yfirvöld og aðra sem vilja fylgjast með þróun mála. Á síðunni er mögulegt að senda fyrirspurnir, fylgjast með nýjustu tilkynningum og uppfærslum. Þar má finna ítarlegar upplýsingar um stöðu mála og allt sem gerst hefur frá 9. október. Fyrir dyrum stendur að gera aðgengi að síðunni enn betra og bjóða upp á áskrift að fréttum og uppfærslum á efni. Frá því síðan var sett í loftið í október 2008 hafa ríflega 280.500 einstaklingar heimsótt hana og síðuflettingar eru um 830.000 talsins. Frá því í nóvember á síðasta ári hefur meira en 3.000 fyrirspurnum verið svarað.